



# ÁRSSKÝRSLA

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

2013-2015



## Körfuknattleikssamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal · Engjavegi 6, 104 Reykjavík

### Stjórn, starfsmenn og nefndir KKÍ tímabilið 2013-2015

#### Stjórn KKÍ:

Formaður:	Hannes Sigurbjörn Jónsson
Varaformaður:	Guðbjörg Norðfjörð
Gjaldkeri	Eyjólfur Þór Guðlaugsson
Ritari:	Rúnar Birgir Gíslason
Meðstjórnandi:	Páll Kolbeinsson
Meðstjórnandi:	Erlingur Hannesson
Meðstjórnandi:	Guðjón Már Þorsteinsson
Varamaður:	Lárus Blöndal
Varamaður:	Bryndís Gunnlaugsdóttir
Varamaður:	Einar Karl Birgisson

#### Skrifstofa KKÍ:

Formaður	Hannes Sigurbjörn Jónsson
Framkvæmdastjóri:	Friðrik Ingi Rúnarsson til 30. janúar 2014
Mótastjóri:	Stefán Þór Borgþórsson
Íþróttafulltrúi:	Kristinn Geir Pálsson

Fræðsla  
og útbreiðsla: Árni Eggert Harðarson – ráðinn tímabundið

#### Mótanefnd:

Jón Halldórsson, formaður  
Lárus Blöndal  
Guðni Guðnason

**Dómaranefnd:**

Rúnar Birgir Gíslason, formaður  
Rögnvaldur Hreiðarson  
Birgir Bragason [hætti haustið 2013 vegna anna í starfi]  
Pétur Hrafn Sigurðsson [kom inn haustið 2013]

**Afreksnefnd:**

Páll Kolbeinsson, formaður  
Henning Henningsson  
Erla Reynisdóttir  
Herbert Arnarson  
Svali Björgvinsson

**Fræðslunefnd:**

Guðbjörg Norðfjörð, formaður  
Árni Þór Hilmarsson  
Sigrún Skarphéðinsdóttir  
Kjartan Atli Kjartanson [hætti haustið 2014 vegna anna í starfi]  
Karl Jónsson [hætti vorið 2014 vegna anna í starfi]  
Jón Þór Þórðason [kom inn haustið 2014]  
Snorri Örn Arnaldsson [kom inn haustið 2014]

**Aga-og úrskurðarnefnd:**

Ingimar Ingason, formaður  
Þórólfur H. Þorsteinsson, varaformaður  
Björgvin Björnsson, varaformaður  
Ágúst Jóhannesson  
Kristinn G. Kristinsson  
Árni Helgason

**Áfrýjunardómstóll:**

Halldór Halldórsson, formaður  
Jóhannes Karl Sveinsson  
Bryndís Gunnlaugsdóttir

**Áfrýjunardómstóll - varamenn:**

Einar Hugi Bjarnason  
María Káradóttir  
Nökkvi Már Jónsson

**Siðanefnd:**

Var ekki skipuð

**Skoðunarmenn reikninga:**

Gísli Friðjónsson  
Guðmundur Sigurbergsson



## **Skýrsla stjórnar og fastanefnda Körfuknattleikssambands Íslands 2013-2015**

Nokkrum dögum eftir Körfuknattleiksþing 2013 kom stjórn KKÍ saman og skipti með sér verkum. Stjórnin hélt 33 bókaða stjórnarfundum en auk þess voru fjöldi óformlegra fundum, símtala og tölvupóstsendinga um málefni körfuboltans og íþróttahreyfingarinnar.

Áralöng hefð er innan stjórnar KKÍ að jafnt aðalmenn sem varamenn eru boðaðir á alla stjórnarfundum. Þannig er öll stjórn sambandsins virk og inni öllum þeim málum sem verið að ræða hverju sinni.

### **† Ólafur E. Rafnsson, fyrrverandi formaður KKÍ - 07.04.1963 - 19.06.2013**

Ólafur E. Rafnsson, fyrrverandi formaður KKÍ, varð bráðkvaddur í Sviss 19. júní 2013. Ólafur var þar í erindagjörðum sem forseti FIBA Europe við opnun á nýjum höfuðstöðvum FIBA World.

Ólafur var keppismaður mikill og vann af miklum heilindum og ástríðu fyrir körfuboltann og íþróttahreyfinguna alla bæði hér á Íslandi sem og í Evrópu.

Ein stærsta stund í íslenskum körfubolta og íþróttalífi var þegar hann var kjörinn forseti FIBA Europe, eitt stærsta álfusamband í heiminum.

Enginn Íslendingur hefur gengt stöðu sem þessari innan íþróttahreyfingarinnar sem sýnir vel hversu mikill leiðtogi Ólafur var.

Körfuknattleikshreyfingunni og fjölskyldu Ólafs bárust fjölmargar samúðarkveðjur frá forráðamönnum körfuknattleikssambanda og annarra íþróttasamtaka víðsvegar um heiminn sem sýnir svo sannarlega hversu vinsæll og vel metinn Ólafur var og er af körfuknattleiks- og íþróttahreyfingunni um allan heim.

Eftirlifandi eiginkona Ólafs er Gerður Guðjónsdóttir og börn þeirra eru: Auður Íris, Sigurður Eðvarð og Sigrún Björg.

Á þingi FIBA Europe í München í maí 2014 var Ólafur útefndur heiðursfélagi FIBA Europe og tóku Gerður, Auður Íris, Sigurður Eðvarð og Sigrún Björg við viðurkenningunni en einnig tóku þau við viðurkenningu frá Evrópusambandi Ólympíunefnda í nóvember 2013 þegar Ólafur var sæmdur æðstu viðurkenningur þess sambands.

Minning um sterkan leiðtoga og kærana félagalíf hjá körfubolta hreyfingunni sem þakkar fyrir hans góðu störf. Ólafs er sárt saknað.

### **Upplýsingapóstur einu sinni í mánuði**

Í febrúar 2014 var byrjað á því að senda mánaðarlega upplýsingapósta til formanna/forráðamanna félaga KKÍ og nefndarmanna innan KKÍ. Það má stöðugt bæta upplýsingaflæði til þeirra sem fara fyrir aðildarfélögum sambandsins og er þetta einn hluti af því og hefur þessu verið vel tekið.

## Hagræðing í rekstri

Í lok janúar 2014 var ákveðið að segja upp framkvæmdastjóra sambandsins Friðriki Inga Rúnarssyni vegna hagræðingar í reksti. Stjórn KKÍ þakkar Friðriki Inga gott starf fyrir KKÍ og körfuknattleikshreyfinguna í störfum sínum sem framkvæmdastjóri.

## Samstarfsaðilar

Það er íþróttahreyfingunni mikilvægt að eiga öfluga bakhjarla og því er það afar ánægjulegt að samstarfsaðilum hjá KKÍ hefur fjölgað á síðustu mánuðum. Til að starfsemi sambandsins haldi áfram að vaxa og dafna þá er leitast við að gera samninga sem koma að flesum þáttum starfsins.

Sumarið 2014 var skrifað undir nýjan samning við Domino's um að efsta deild karla og kvenna muni áfram bera nafn Domino's – Domino's deildin. Samningurinn er til loka tímabilsins 2017/2018.

Í lok september 2014 var samið við Icelandair um að Icelandair verði áfram annar aðalsamstarfsaðila landsliðanna. Samningurinn við Icelandair er til lok árs 2017.

Í lok árs 2014 var samið við DHL um að koma inn sem annar af aðalsamstarfsaðilum landsliðanna til næstu ára og er samingurinn til loka maí 2018.

Domino's, Icelandair og DHL eru þrír aðalsamstarfsaðilar KKÍ

Samningur við Íslenskar Getraunir/Lengjuna var endurnýjaður í lok árs 2014.



Haustið 2013 var endurnýjaður samningur við Vífilfell vegna bikarkeppninar um að að bikarkeppnin beri nafn Powerade, það er Poweradebikarinn út keppnistímabilið 2015/16.

Í febrúar 2015 var samið við Errea um að öll landsliðin spili í Errea búningum og að öll landslið KKÍ noti Errea fatnað í sínum verkefnum. Samningurinn er út árið 2017.

Haustið 2013 var endursamið við Hertz bílaleigu um að Hertz sér dómurum fyrir bílum í lengri ferðir. Einnig hefur skrifstofa KKÍ afnot af bíl frá Hertz. Samningurinn við Hertz hefur lækkað dómarakostnað töluvert.

Sumarið 2014 var skrifað undir saming við Landflutninga-Samskip um að koma að því að efla og styðja við barna- og unglíngastarfið í körfunni.

Í lok árs 2014 var samið við Lykil, KPMG og Landsbankann og eru þessir aðilar nýjir samstarfsaðilar hjá KKÍ.

Í febrúar 2015 var skrifað undir samstarfssaming við Advania.

### **Mótahald**

Mótahald KKÍ er ansi víðamikil og eitt af umfangmesta móthaldi innan sérsambanda ÍSÍ.

Körfuboltinn er ein af útbreiddustu íþróttagreinum landsins í dag en árið 2014 var körfubolti stundaður í 22 af 25 íþróttahéruðum landsins.

Stærsta og veigamesta starfið fer fram á körfuboltavöllum landsins hringinn í kringum í landið á degi hverjum á æfingum eða í keppni.

Dagatalsfundur þar sem öllum félögum var boðið að koma og fara yfir drög að keppnisdagatali mótaalds 2014/2015 var haldinn í maí 2014. Þetta var í fyrsta sinn sem fundur sem þessi var haldinn og ljóst að svona fundur er kominn til að vera.

Í fyrsta sinn í febrúar 2015 voru bikarúrslit allra flokka haldin á sömu helgi í Laugardalshöll og tókst það mjög vel.

Það er ákveðið áhyggjuefni hve mörg af minnstu félögunum okkar hafa minnkað starfsemi sína og dregið lið sín úr Íslandsmóti og er það eitt af verkefnum okkar í útbreiðslumálanun að aðstoða þessi félög sem og önnur til að efla starf sitt. Það er þó gleðiefni að sum þeirra eru enn að keppa á MinniBolta mótum félaganna og héraðsmótum.

Á sama tíma er mikið gleðiefni hversu mörg félög eru að eflast og auka starfið sitt, bæta við flokkum og skrá fleiri lið til keppni á Íslandsmóti og bjóða uppá meiri æfingatíma. Núna eru fleiri meðalstór og stór félög en hafa verið undanfarin ár en leggja þarf áfram áherslu á að huga vel að þeim minni.

Mótahaldinu eru gerð ítarlegri skil í í skýrslum mótanefndar og dómaranefndar.

### **Afreks- og landsliðsmál**

Afreks- og landsliðsmálin eru einn stærsti þátturinn í reksti sambandins og hafa verkefnin farið fjölgandi á undanförunum árum.

Í dag er 10 landslið í gangi hjá KKÍ en það eru U15, U16, U18, U20 og A-landslið. Svo eru úrvalsbúðir fyrir 11-13 ára leikmenn og afreksbúðir fyrir 14 ára leikmenn sem er undanfari U15 ára liðanna.

Í dag er eru hátt í 30 einstaklingar sem koma að þjálfun landsliðanna okkar. Árið 2015 verður stærsta og umfangsmesta landsliðsár til þessa í sögu sambandsins.

27. ágúst 2014 fer í sögubækurnar sem einn stærsti dagurinn í sögu KKÍ þegar A-landsliði karla tókst að tryggja sig inn á lokamót EM eða EuroBasket 2015 sem haldið verður í september á þessu ári. Þetta verður í fyrsta sinn sem Ísland fer á lokamót hjá A-landsliðunum og jafnframt hefur aldrei svo fámenn þjóð átt fulltrúa í lokamóti á vegum FIBA. Þessi árangur hefur vakið mikla athygli í alþjóðalegum körfubolta.

Í maí 2014 tryggðu stelpurnar í U16 sér Norðurlandameistaratilinn og er það í annað sinn í sögu KKÍ sem kvennalið verður Norðurlandameistari en í fyrsta sinn var það 2004 hjá 1988 árganginum.

Markmiðið er að öll landslið KKÍ taki þátt í Norðurlanda- og Evrópumótum. A-landsliðin taki þátt í Norðurlandamótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum. Árangur á Heimsmeistara- og Evrópumótum ákveður hvort liðin komast á Olympíuleika. Stefnt skal að því að komast á lokamót með bæði A-landsliðin samanber árangur A-landsliðs karla á árinu 2014

Verið er að taka upp nýtt keppnisfyrikomulag hjá FIBA bæði í álfukeppnum sem og heimsmeistaramótum. Frá og með næsta hausti verður keppt hjá konunum innan keppnistímabils körfuboltans og frá 2017 hjá körlunum. Þannig munu landsliðsverkefni A-landsliðanna ekki eingöngu vera á sumrin í framtíðinni. Afreks- og landsliðsmálunum eru gerð ítarlegri skil í í skýrslu afreksnefndar.

Verkefni FIBA dómara og íslenskur dómari í fyrsta sinn á stórmót Sigmundur Már Herbertsson fékk fjölmargar tilnefningar frá FIBA Europe sem og að hann sótti endurmenntunarnámskeið dómara. Sigmundur hefur fengið tilnefningu um að dæma á EuroBasket karla nú í haust en það er í fyrsta sinn sem dómari frá Íslandi hlotnast sá heiður að dæma á lokamóti á vegum FIBA hjá A-landsliðum og er útnefningin til marks um hversu vel Sigmundur Már hefur staðið sig á undanförunum árum í dómarastörfum fyrir FIBA Europe. Þessi útnefning er mikil viðurkenning fyrir íslenskan körfuknattleik.

Leifur S. Garðarson endurnýjaði alþjóðaskírteinið sitt vorið 2014 og hefur hann fengið nokkrar tilnefningar og verkefni síðan þá.

Pétur Hrafn Sigurðsson er eftirlitsmaður FIBA Europe eða „Commissioner“ og hefur hann fengið nokkur verkefni síðastliðin sumur.

Kristinn Óskarsson sótti endurmenntunar námskeið fyrir FIBA dómara leiðbeinendur „Instructor“ vorið 2014.



### **Fræðslu-og útbreiðslumál**

Verið að leggja lokahönd á menntakerfi fyrir körfuboltaþjálfara og er það mikið gleðiefni. Mikil vinna liggur að baki og er stefnt að því að menntakerfið verði orðið fullklárað nú í sumar. Aukin menntun þjálfara er mjög mikilvæg til að fá fleiri iðkendur og gera starfið enn faglegra. Töluvert hefur verið unnið í útbreiðslumálunum og verður því haldið áfram næstu mánuðina.

Fræðslu- og útbreiðslumálunum eru gerð ítarlegri skil í skýrslu fræðslunefndar.

### **Körfuknattleiksfólk ársins**

Í lok hvers ár velja sérsambönd ÍSÍ íþróttamenn sinna íþróttagreina. Hjá KKÍ er það þannig að stjórn, afreksnefnd, starfsmenn skrifstofu og landsliðsþjálfarar A-liða sem og yngri liða sem velja körfuknattleiksfólk ársins.

2013 Körfuknattleikskarl ársins · Jón Arnór Stefánsson

2013 Körfuknattleikskona ársins · Helena Sverrisdóttir

2014 Körfuknattleikskarl ársins · Jón Arnór Stefánsson

2014 Körfuknattleikskona ársins · Helena Sverrisdóttir



### **Íþróttamaður ársins**

Jón Arnór Stefánsson varð annar körfuknattleiksmaðurinn til að vera útnefndur Íþróttamaður ársins af Samtökum Íþróttafréttamanna þegar hann var kjörinn Íþróttamaður ársins 2014. Kolbeinn Pálsson var fyrstur körfuknattleiksmanna kjörinn Íþróttamaður ársins og var það 1966.

Samtök íþróttafréttamanna völdu A-landslið karla sem lið ársins 2014.

Jón Arnór varð í 4. sæti í kjöri Samtaka Íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2013.

### **Pétur Guðmundsson í Heiðurshöll ÍSÍ**

Pétur Guðmundsson var á kjöri Íþróttamanns ársins útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ. Pétur er fyrsti körfuknattleiksmaðurinn til að hljóta þennan heiður og sá 8. sem tekinn er inn í Heiðurshöllina.

### **Fjölmiðlar**

Samstarf við fjölmiðla er gott og leggja stjórn og starfsmenn KKÍ mikla áherslu á öflugt samstarf við alla fjölmiðla. Fjölmiðlar njóta góðs af tölfraðikerfi KKÍ sem fá allar upplýsingar til sín um tölfraði í Domino's deildunum, 1. deild karla og Poweradebikanum fljótlega eftir að leikjum lýkur.

Skrifað var undir nýjan samnings við Stöð2 Sport sumarið 2013 til tveggja ára varðandi sýningar frá Domino's deildunum og eru samningar nú lausir. Stöð2 Sport hefur sýnt beint frá úrslitakeppni Domino's deildar karla sem og deildarkeppni. Nýtt var í samningnum sem nú er laus að í fyrsta sinn sýndi Stöð2 Sport frá úrslitakeppni Domino's deildar kvenna síðustu tvö tímabil.

RÚV hefur sýnt frá A-landslíðunum og Poweradebikarnum. Samningar varðandi bikarkeppnina eru nú lausir og í haust að loknu EuroBasket 2015 eru samningar varðandi landsliðin einnig lausir.

Karfan.is hefur staðið sig frábærlega í fréttáflutning af körfubolta og fá Jón Björn Ólafsson, Hörður Tulinius, Skúli Sigurðsson og allir hinir sjálfboðliðarnir sem skrifa á karfan.is mikið hrós fyrir sína góðu og mikilvægu vinnu við útbreiðslu íþróttarinnar.

KKÍ og samstarfsaðilar okkar Domino's, Powerade og Landflutningar hafa fengið SportTV.is til að sýna frá einstaka leikjum og viðburðum. Þessir þrír samstarfsaðilar hafa greitt SportTV.is fyrir þetta og því væri ekki hægt að sýna á SportTV.is nema með aðkomu þessarar aðila.

Aðildarfélag KKÍ hafa verið mjög dugleg að koma íþróttinni á framfæri meðal annars með því að sýna beint frá leikjum á internetinu og er það mjög ánægjulegt.

### **Samstarf við ÍSÍ og önnur sérsambönd**

Eins og gefur að skilja er mikið samstarf við ÍSÍ og stjórn og starfsmenn KKÍ þakka stjórn og starfsmönnum ÍSÍ fyrir gagnlegt og skemmilegt samstarf. Stjórn og starfsmenn KKÍ sóttu hina ýmsa fundi og ráðstefnur á vegum ÍSÍ.

Einnig er gott samstarf við önnur sérsambönd ÍSÍ og sérstaklega þau sambönd sem eru „3. hæðinni“ þar sem skrifstofa KKÍ er og vinna samböndin saman eins og hægt er.

## **Heiðursveitingar**

Í nóvember 2013 fékk Jón Bender afhent silfurmerki sambandsins fyrir öflugt og gott starf innan körfuboltans.

Í júlí 2014 fengu Bylgja Sverrisdóttir, Karl Guðlaugsson og Gísli Guðlaugsson silfurmerki sambandsins fyrir öflugt og gott starf innan körfuboltans.

## **Samningur við körfuknattleiksdómara KKDÍ**

Haustið 2014 var samið við félag Körfuknattleiksdómara-KKDÍ um nýja gjaldskrá og breytingu á greiðslum vegna ferðalaga og upphalds í Domino's deildunum og 1. deild karla. Félögin greiða nú þrisvar sinnum yfir veturinn í jöfnunarsjóð þessara deilda og sér skrifstofa KKÍ um greiðslur til dómara vegna þessa.

## **Alþjóðlegt starf**

FIBA Europe hélt þingið sitt 2013 í Wales og árið 2012 í Þýsklandi-München, Hannes S. Jónsson formaður og Friðrik Ingi Rúnarsson framkvæmdastjóri sóttu þingið 2013 en Hannes og Guðbjörg Norðfjörð varaformaður sóttu þingið 214

Norðurlandafundir voru haldnir haustin 2013 og 2014. Fundurinn 2013 var haldinn á Íslandi en Hannes S. Jónsson formaður, Guðbjörg Norðfjörð varaformaður, Rúnar Birgir Gíslason ritari og Friðrik Ingi Rúnarsson framkvæmdastjóri voru fulltrúar Íslands. Norðurlandafundurinn haustið 2014 var haldinn í Kaupmannahöfn og voru fulltrúar Íslands þau Hannes S. Jónsson formaður, Guðbjörg Norðfjörð varaformaður og Stefán Þór Borgþórsson mótastjóri.

Ólafur E. Rafnsson var forseti FIBA Europe þegar hann lést 19. júní 2013.

Hannes S. Jónsson sat í fjárhagsnefnd FIBA Europe til vorsins 2014 og Guðbjörg Norðfjörð í unglínganefnd einnig til vorsins 2014.

Í maí 2014 var Hannes S. Jónsson formaður kjörinn í stjórn FIBA Europe fyrir tímabilið 2014-2019 og á fyrsta stjórnarfundinum var Hannes kjörinn formaður Smáþjóðanefndar sambandsins og stýrir hann nefndinni út kjörtímabilið.

## **Smáþjóðaleikar 2015 á Íslandi**

Einn stærsti íþróttaviðburður sem haldinn hefur verið á Íslandi fer fram 1.-6. júní þegar Smáþjóðaleikarnir verða haldnir í 11 íþróttagreinum og er körfuboltinn ein stærsta grein leikanna. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands – ÍSÍ áætlar að það þurfi um 1.200 sjálfboðaliða til starfa við leikanna þannig að hægt verði að halda þá með þeim myndarbrag sem við öll viljum. Hvert sérsamband sér um framkvæmd sinnar íþróttagreinar og verður körfuboltakeppnin öll leikin í Laugardalshöll.

## **Lyfjamál**

Samtals hafa verið 24 körfuknattleiksmenn í lyfjapróf á tímabilinu, 16 í keppni og 8 utan. Eitt lyfjapróf var jákvætt.

Mikilvægt er að íþróttamenn séu vel upplýstir um þær reglur sem í gildi eru er varða málaflökkinn. Bannlisti Alþjóða lyfjaeftirlitsins er uppfærður árlega. Mikilvægt er að

Íþróttamenn taki vara á sér og gangi úr skugga um að lyf er þeim eru ávísuð innihaldi ekki efni af bannlista. Varúðar þarf að gæta við inntöku fæðubótarefna.

### **Lokahóf · Verðlaunahafar**

Tímabilið 2012/2013

#### **Verðlaunahafar í Domino's deild kvenna:**

Prúðasti leikmaður Domino's deildar kvenna 2012-2013

Ragna Margrét Brynjarsdóttir · Valur

Besti ungi leikmaður Domino's deildar kvenna 2012-2013

Sara Rún Hinriksdóttir · Keflavík

Besti erlendi leikmaður Domino's deildar kvenna 2012-2013

Lele Hardy · Njarðvík

Besti varnarmaður Domino's deildar kvenna 2012-2013

Pálína Gunnlaugsdóttir · Keflavík

Besti þjálfari Domino's deildar kvenna 2012-2013

Sigurður Ingimundarson · Keflavík

Úrvalslíð Domino's deildar kvenna 2012-2013

Pálína Gunnlaugsdóttir · Keflavík

Hildur Sigurðardóttir · Snæfell

Kristrún Sigurjónsdóttir · Valur

Bryndís Guðmundsdóttir · Keflavík

Hildur Björg Kjartansdóttir · Snæfell

Besti leikmaður Domino's deildar kvenna 2012-2013

Pálína Gunnlaugsdóttir · Keflavík

#### **Verðlaunahafar í Domino's deild karla:**

Prúðasti leikmaður Domino's deildar karla 2012-2013

Darri Hilmarsson · Þór Þorlákshöfn

Besti ungi leikmaður Domino's deildar karla 2012-2013

Elvar Már Friðriksson · Njarðvík

Besti erlendi leikmaður Domino's deildar karla 2012-2013

Aaron Broussard · Grindavík

Besti varnarmaður Domino's deildar karla 2012-2013

Guðmundur Jónsson · Þór Þorlákshöfn

Besti dómari Domino's deilda 2012-2013

Sigmundur Már Herbertsson

Besti þjálfari Domino's deildar karla 2012-2013  
Sverrir Þór Sverrisson · Grindavík

Úrvalslíð Domino's deildar karla 2012-2013  
Justin Shouse · Stjarnan  
Elvar Már Friðriksson · Njarðvík  
Jóhann Árni Ólafsson · Grindavík  
Jón Ólafur Jónsson · Snæfell  
Sigurður Gunnar Þorsteinsson · Grindavík

Besti leikmaður Domino's deildar karla 2012-2013  
Justin Shouse · Stjarnan

Tímabílið 2013/2014

**Verðlaunahafar í Domino's deild kvenna**

Úrvalslíð 2013-14 Domino's deild kvenna  
Hildur Sigurðardóttir · Snæfell  
Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir · Snæfell  
Hildur Björg Kjartansdóttir · Snæfell  
Sigrún Sjöfn Ámundadóttir · KR  
Bryndís Guðmundsdóttir · Keflavík

Besti leikmaður Domino's deild kvenna 2013-14  
Hildur Sigurðardóttir · Snæfell

Besti þjálfari Domino's deild kvenna 2013-14  
Ingi Þór Steinþórsson · Snæfell

Besti ungi leikmaður Domino's deild kvenna 2013-14  
Marín Laufey Davíðsdóttir · Hamar

Besti varnarmaður Domino's deild kvenna 2013-14  
Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir · Snæfell

Besti erlendi leikmaður Domino's deild kvenna 2013-14  
Lele Hardy · Haukar

**Verðlaunahafar í Domino's deild karla:**

Úrvalslíð 2013-14 Domino's deild karla  
Elvar Már Friðriksson · Njarðvík  
Martin Hermannsson · KR  
Pavel Ermolinskij · KR  
Helgi Már Magnússon · KR

Ragnar Nathanaelsson · Þór Þorlákshöfn

Besti leikmaður Domino's deild karla 2013-14  
Martin Hermannsson · KR

Besti þjálfari Domino's deild karla 2013-14  
Finnur Freyr Stefánsson · KR

Besti ungi leikmaður Domino's deild karla 2013-14  
Martin Hermannsson · KR

Besti varnarmaður Domino's deild karla 2013-14  
Darri Hilmarsson · KR

Besti erlendi leikmaður Domino's deild karla 2013-14  
Michael Craion · Keflavík

Prúðasti leikmaður Domino's deild karla 2013-14  
Darri Hilmarsson · KR

Besti dómari Domino's deildum karla og kvenna 2013-14  
Rögnvaldur Hreiðarsson

## **Skýrsla mótanefndar 2013-2015**

### **Tímabilið 2013-14**

Mótanefnd var skipuð þeim Jóni Halldórssyni, formanni, Lárusi Blöndal og Guðna Guðnasyni.

Tímabilið 2013-14 tóku 40 félög þátt í Íslandsmótinu og var það fækkun um þrjú félög milli ára. Fram, HK, Víkingur Ólafsvík og Mostri hættu keppni í 2. deild karla. Nýtt lið tók þátt í Íslandsmótinu en það var lið Íþróttafélags Breiðholtar og kepptu þeir í 2. deild karla. Hörður, Kormákur og Reykdælir tefldu eingöngu fram liðum í yngri flokkum. Hrunamenn tefldu fram sameiginlegu liði í 1. deild kvenna ásamt FSu.

Meistarar meistaranna fór fram í Grindavík á heimavelli Íslandsmeistara karla í Grindavík. Í karlaleiknum mættu Grindvíkingar bikarmeisturunum úr Stjörnunni og höfðu þeir betur 105-96. Hjá konunum lögðu Íslands- og bikarmeistarar Keflavíkur Val að velli 77:74. Valur lék til úrslita sem fulltrúi bikarmeistaranna.



Breyting var á fyrirkomulagi fyrirtækjabikars karla en á þinginu 2013 var ákveðið að úrslitakeppnin myndi telja átta lið en annað var óbreytt. Leikið í fjórum riðlum en öll lið úrvalsdeildar ásamt fjórum efstu úr 1. deild skipuðu riðlana. Dregið var í riðla eftir fyrirfram ákveðinni styrkleikaröðun. Hin fjögur fræknu voru leikin í Njarðvík en liðin sem komust þangað voru Grindavík, KR, Snæfell og Keflavík. Keflavík vann KR í úrslitaleik 89:58.

Hjá konunum léku öll lið úrvalsdeildar og tvö efstu lið 1. deildar kvenna í tveimur fimm liða riðlum. Dregið var í riðla eftir fyrirfram ákveðinni styrkleikaröðun. Leikin var ein umferð fyrir keppnistímabilið. Efsta lið hvors liðs fór í úrslitaleikinn. Í úrslitaleiknum sem var í Njarðvík unnu Valsstúlkur Hauka 64:63.

Domino's-deild karla var skipuð 12 liðum en Haukar og Valur voru nýliðar í deildinni. Að lokinni deildarkeppni var KR deildarmeistari. Valur og KFÍ féllu niður í 1. deild.

Stjórn KKÍ ákvað sumarið 2013 að stækka úrslitakeppni deildarinnar og þurftu lið þrjú sigurleiki til að komast upp úr fyrstu umferð úrslitakeppninnar. Í átta liða úrslitum mættust KR[1] og Snæfell[8] þar sem KR vann 3-0. Keflavík[2] mætti Stjórnunni[7] þar sem Stjarnan vann 3-0. Grindavík[3] hafði betur gegn Þór Þorlákshöfn[6] 3-1 og í viðureign Njarðvík[4] og Hauka[5] unnu grænir 3-0.

Í undanúrslitum mættust KR og Stjarnan annars vegar og hinsvegar Njarðvík og Grindavík. Þar sem Grindavík vann 3-2 og KR 3-1.

Í úrslitunum mættust deildarmeistarar KR og Íslandsmeistarar Grindavík. Á endanum vann KR einvígið 3-1 og varð Íslandsmeistari.

Átta lið léku í Domino's deild kvenna. Leikin var fjórföld umferð eða 28 leikir á lið. Hamar var nýliði í deildinni en Njarðvík féll niður í 1. deild. Í undanúrslitum lögðu

Snæfell(1) lið Vals(4) 3-2 og Haukar(2) höfðu betur gegn Keflavík(3) 3-0. Í úrslitum mættust því Snæfell og Haukar. Snæfell hafði betur 3-0 og hampaði því fyrsta Íslandsmeistaratitli meistaraflokks kvenna í sögu félagsins.

Tíu lið skipuðu 1. deild karla og kom lið Vængja Júpíters upp úr 2. deild. Mostri sem átti að fylgja þeim upp skráði sig ekki til leiks og hætti liðið keppni. Mótanefnd bauð Augnabliki að þiggja sætið sem og þeir gerðu. Tindastóll endaði í efsta sæti og fór beint upp í úrvalsdeild. Í undanúrslitum um laust sæti mættust annars vegar Fjölur(2) og Breiðablik(5) og hinsvegar Þór Akureyri(3) og Höttur(4). Fjölur lagði Breiðablik 2-1 og Höttur hafði betur gegn Þór Ak. 2-0.

Í úrslitum um laust sæti hafði Fjölur betur 2-0 og fylgdi Tindastóli upp í úrvalsdeildina.

Átta lið skipuðu 1. deild kvenna og var leikin tvöföld umferð sem gerði 14 leiki á lið. Í úrslitum um laust sæti mættust Breiðablik(1) og Fjölur(2) þar sem Breiðablik hafði betur 2-1.

Í 2. deild karla voru 14 lið skráð til leiks og var leikið í tveimur sjö liða riðlum. Tvöföld umferð í hvorum riðli. Fjögur efstu lið hvors riðils fóru í úrslitakeppni sem var með útsláttarfyrikomulagi. Liðin sem fóru í úrslitakeppnina voru KV, Íþróttafélag Breiðholts, Sindri, Ármann, Laugdælir, Álftanes, ÍG og Reynir S. Í úrslitaleiknum áttust við ÍG og Álftanes. Svo fór að ÍG hafði betur 92:89.

Fimm lið léku í B-liða deild karla. KFÍ og ÍA duttu út og Skallagrímur kom inn í mótið. Fjögur efstu liðin fóru í úrslitakeppnina en svo fór að í úrslitaleik höfðu Keflavík-b betur gegn KR-b 100:83.

Úrslitaleikir bikarkeppni KKÍ fóru fram í Laugardalshöll eins og undanfarin ár og voru þeir í beinni útsendingu á RÚV. Í úrslitaleik kvenna áttust við Haukar og Snæfell. Haukar unnu leikinn og lönduðu sjötta bikarmeistaratitli kvennaliðsins. Í úrslitaleik karla áttust við Grindavík og ÍR og höfðu Grindvíkingar betur 89:77. Var þetta fimmti bikarmeistaratitill Grindavíkur.

Bikarúrslit yngri flokka fóru fram í Grindavík í umsjón heimamanna. Almenn ánægja var með umgjörðina og framkvæmdina en sex félög unnu bikarmeistaratitla yfir helgina.

Góð þátttaka var í Íslandsmóti yngri flokka og var keppnin með hefðbundnu sniði hjá þeim flokkum sem kepptu í fjölliðamótum. Á þinginu 2013 var ákveðið að stúlknaflokkur og 11. flokkur karla spilaði í deildarkeppni heima og að heiman. Einnig var unglíngaflokkur kvenna lengdur um eitt ár. Breyting var gerð á úrslitakeppni þeirra flokka sem léku í deildarkeppni: Stúlknaflokkur, unglíngaflokkur kvenna, 11. flokkur karla, drengjaflokkur og unglíngaflokkur karla. Ef þátttökufjöldinn fer yfir 12 lið er leikið í getuskiptum deildum 1. deild og 2. deild. Var þetta tilraunaverkefni til tveggja ára. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag og verður því haldið áfram veturinn 2014-2015.



Hin árlegi fundur KKÍ og unglingaráða félaganna var í lok ágúst 2013. Var þar farið yfir það helsta á keppnistímabilinu og þær breytingar ræddar sem voru samþykktar á þinginu 2013.

### **Íslandsmeistarar**

Úrvalsdeild karla:	KR
Úrvalsdeild kvenna:	Snæfell
B-liðakeppni karla:	Keflavík
Unglingaflokkur karla:	Keflavík
Unglingaflokkur kvenna:	Keflavík
Drengjaflokkur:	Haukar
Stúlknaflokkur:	Keflavík
11. flokkur karla:	Grindavík/Þór Þ.
10. flokkur karla:	Njarðvík
10. flokkur kvenna:	Keflavík
9. flokkur karla:	ÍR
9. flokkur kvenna:	Keflavík
8. flokkur karla:	KR
8. flokkur kvenna:	Keflavík
7. flokkur karla:	Stjarnan
7. flokkur kvenna:	Njarðvík
Minnibolti 11 ára:	Keflavík
Minnibolti kvenna:	Grindavík

### **Bikarmeistarar**

Meistaraflokkur karla:	Grindavík
Meistaraflokkur kvenna:	Haukar
Unglingaflokkur karla:	Njarðvík
Unglingaflokkur kvenna:	Keflavík
Drengjaflokkur:	KR
Stúlknaflokkur:	Keflavík
11. fl. karla:	Grindavík/Þór Þ.
10. fl. karla:	Njarðvík
10. fl. kvenna:	Haukar
9. fl. karla:	ÍR
9. fl. kvenna:	Keflavík

### **Deildarmeistarar**

Úrvalsdeild karla:	KR
Úrvalsdeild kvenna:	Snæfell
1. deild karla:	Tindastóll
1. deild kvenna:	Breiðablik
2. deild karla:	ÍG

### **Tímabilið 2014-15**

Mótanefnd var skipuð þeim Jóni Halldórssyni, formanni, Lárusi Blöndal og Guðna Guðnasyni.

Tímabilið 2014-15 tóku 36 félög þátt í Íslandsmótinu og var það fækkun um fjögur félög milli ára. Vængir Júpíters, Laugdælir og ÍBV hættu með meistaraflokka sína í 2. deild karla. Laugdælir og ÍBV tefldu heldur ekki fram yngri flokkum þennan veturinn. Einnig var Hörður frá Patreksfirði ekki heldur með á Íslandsmótinu. Kormákur og Hrunamenn tefldu fram karlaliði í fyrsta sinn í nokkur ár og Reykdælir tefla áfram fram eingöngu liði í yngri flokkum.

Nýtt mót var kynnt til sögunnar en það var B-liða deild kvenna. Leikið var í utandeildar fyrirkomulagi. Fimm lið skráðu sig til leiks. Breiðablik, Snæfell, Keflavík, Höttur/Sindri og Grindavík. Í úrslitaleiknum hafði Grindavík-b betur gegn Keflavík-b 62:54. Heppnaðist mótið gífurlega vel og er stefnan á að efla það fyrir næsta tímabil. Höttur og Sindri tefldu fram sameiginlegu liði og er þetta í fyrsta sinn sem þessi félög tefla fram meistaraflokki kvenna í móti á vegum KKÍ.

Meistarar meistaranna fór fram í DHL-höllinni á heimavelli Íslandsmeistara karla í KR. Í karlaleiknum mættu KR-ingar bikarmeisturunum úr Grindavík og höfðu þeir betur 105:81. Hjá konunum lögðu Íslandsmeistarar Snæfells bikarmeistara Hauka að velli 82:79. Stjórn KKÍ ákvað að frá og með árinu 2014 yrði leikið til skiptist á heimavelli Íslandsmeistara karla og kvenna. Þar sem leikið var á heimavelli Íslandsmeistara karla haustið 2014 verður leikið á heimavelli Íslandsmeistara kvenna 2014-15 haustið 2015.

Ein breyting var gerð á Fyrirtækjabikar karla milli ára. Í stað þess að leika tvær umferðir í fjögurra liða riðlum var ákveðið að leika einfalda umferð. Leikið í fjórum riðlum en öll lið úrvalsdeildar ásamt fjórum efstu úr 1. deild er boðið að taka þátt í mótinu. Að þessu sinni gaf eitt úrvalsdeildarlið frá sér sætið sitt sem og 1. deildarlið. Þ.a.l. voru aðeins 14 lið skráð til leiks þetta árið. Dregið var í riðla eftir fyrirfram ákveðinni styrkleikaröðun. Hin fjögur fræknu voru leikin í Ásgarði í umsjón Stjórnunnar en liðin sem komust þangað voru Haukar, KR, Tindastóll og Fjölnir. KR lagði Tindastól í úrslitaleik 83:75.

Hjá konunum léku öll lið úrvalsdeildar og tvö efstu lið 1. deildar kvenna í tveimur fimm liða riðlum. Dregið var í riðla eftir fyrirfram ákveðinni styrkleikaröðun. Leikin var ein umferð fyrir keppnistímabilið. Efsta lið hvors liðs fór í úrslitaleikinn. Í úrslitaleiknum sem var í Ásgarði í umsjón Stjórnunnar unnu Keflvíkingar Val 73:70.

Domino's-deild karla var skipuð 12 liðum en Tindastóll og Fjölnir voru nýliðar í deildinni. Að lokinni deildarkeppni var KR deildarmeistari. Fjölnir og Skallagrímur féllu niður í 1. deild.

Í átta liða úrslitum mættust KR[1] og Grindavík[8] þar sem KR vann 3-0. Tindastóll[2] mætti Þór Þ.[7] þar sem Tindastóll vann 3-0. Haukar[3] höfðu betur gegn Keflavík[6] 3-2 og í viðureign Njarðvík[4] og Stjórnunnar[5] unnu Njarðvíkingar 3-2.

Í undanúrslitum mættust KR og Njarðvík annars vegar og hinsvegar Tindastóll og Haukar þar sem Tindastóll vann 3-1 og KR 3-2.

Í úrslitunum mættust deildarmeistarar KR og nýliðar Tindastóls. Á endanum vann KR einvígið 3-1 og varð Íslandsmeistari. Michael Craion hjá KR var valinn leikmaður úrslitanna.

Átta lið léku í Domino's deild kvenna. Leikin var fjórföld umferð eða 28 leikir á lið. Breiðablik var nýliði í deildinni og kom það í hlut nýliðanna að falla niður í 1. deild. Í undanúrslitum lögðu Snæfell(1) Grindavík(4) 3-1 og Keflavík(2) höfðu betur gegn Haukum(3) 3-0. Í úrslitum mættust því Snæfell og Keflavík. Eins og árið á undan hafði Snæfell betur 3-0 og annar Íslandsmeistaratitill meistaraflokks kvenna í sögu félagsins kom í hús. Kristen McCarthy hjá Snæfelli var valin leikmaður úrslitanna.

Átta lið skipuðu 1. deild karla og var þetta í fyrsta sinn síðan keppnistímabilið 2006-2007 sem deildin er ekki full mönnuð. Þau lið sem unnu sér þátttökurétt skráðu sig ekki til leiks. Mótanefnd ákvað á endanum eftir að hafa rætt við nokkur lið úr 2. deild að keyra átta liða deild. Til að viðhalda svipuðum leikjafjölda var leikin þreföld umferð sem gerði 21 leik á lið. Þar sem deildin var ekki fullmönnuð var gefið út fyrir keppnistímabilið að ekkert lið féll. Höttur endaði í efsta sæti og fór beint upp í úrvalsdeild. Í undanúrslitum um laust sæti mættust annars vegar Hamar(2) og ÍA(5) og hinsvegar FSu(3) og Valur(4). Hamar lagði ÍA 2-0 og FSu hafði betur gegn Val í oddaleik 2-1.

Í úrslitum um laust sæti var suðurlandsslagur þar sem FSu vann tvo leiki gegn einum frá Hamri og fór því upp í úrvalsdeildina.

Sjö lið skipuðu 1. deild kvenna og var leikin tvöföld umferð sem gerði 12 leiki á lið. Í úrslitum um laust sæti mættust Njarðvík(1) og Stjarnan(2) þar sem Stjarnan hafði betur 2-1.

Í 2. deild karla voru 15 lið skráð til leiks og var leikið í tveimur riðlum. Einum átta liða og öðrum sjö liða. Tvöföld umferð í hvor riðli. Fjögur efstu lið hvors riðils fóru í úrslitakeppni sem var með útsláttarfyrikomulagi. Liðin sem fóru í úrslitakeppnina voru Leiknir, Afturelding, Ármann, KV, Reynir Sandgerði, ÍG, ÍB og Hekla. Ármann og Reynir unnu sér sæti í 1. deild karla á næsta ári. Í úrslitaleik deildarinnar vann Ármann Reyni 83:78.

Sjö lið léku í B-liða deild karla og var það aukning um tvö. Haukar, KR, Stjarnan, Keflavík léku líkt og árið á undan en Skallagrímur var ekki með. Hamar, Njarðvík og Fjöltnir bættust við sem ný lið. Fjögur efstu liðin fóru í úrslitakeppnina, Njarðvík(1) mætti Haukum(4) og KR(2) mætti Fjöltni(3) en svo fór að í úrslitaleik mættust Njarðvík og Fjöltnir í Smáranum.

Breyting var gerð á bikarkeppni KKÍ þetta árið. Í stað þess að leikir meistaraflokka væru í Laugardalshöll og leikir yngri flokka í umsjón félags var ákveðið að keyra alla flokka á sömu helgi í Laugardalshöllinni. Svona fengu allir flokkar sömu umgjörð. Umsjónin var í höndum KKÍ og tókst almennt vel upp. Leikir meistaraflokkana voru í beinni útsendingu á RÚV og leikir yngri flokkana í beinni útsendingu á Sporttv.is. Í úrslitaleik kvenna áttust við Keflavík og Grindavík. Grindavík vann leikinn 68:61 og

var Petrúnella Skúladóttir valin maður leiksins. Í úrslitaleik karla áttust við KR og Stjarnan og höfðu Stjörnumenn betur 85:83. Justin Shouse var valinn maður leiksins.

Mótanefnd stóð fyrir tveimur fundum fyrir tímabilið. Annar var hinn árlegi fundur með unglingaráðum félaganna og er hann ávallt rétt fyrir keppnistímabilið. Hinn fundurinn er nýr og var í maí 2014. Var þetta dagatalsfundur þar sem félögum gafst kostur á að koma með sínar athugasemdir um skipulag keppnistímabilsins. Mótanefnd var ánægð með fundinn og hefur verið ákveðið að þetta verði árlegt.

Góð þátttaka var í Íslandsmóti yngri flokka og var keppnin með hefðbundnu sniði í öllum flokkum.

### **Íslandsmeistarar**

Úrvalsdeild karla:	KR
Úrvalsdeild kvenna:	Snæfell
B-liðakeppni karla:	Njarðvík
Unglingaflokkur karla:	Tindastóll
Unglingaflokkur kvenna:	Keflavík
Drengjaflokkur:	Grindavík/Þór Þ.
Stúlknaflokkur:	Keflavík
11. flokkur karla:	Njarðvík
10. flokkur karla:	ÍR
10. flokkur kvenna:	Keflavík
9. flokkur karla:	KR
9. flokkur kvenna:	Keflavík
8. flokkur karla:	Þór Akureyri
8. flokkur kvenna:	Grindavík
7. flokkur karla:	Keflavík
7. flokkur kvenna:	Keflavík
Minnibolti 11 ára:	Stjarnan
Minnibolti kvenna:	Grindavík

### **Bikarmeistarar**

Meistaraflokkur karla:	Stjarnan
Meistaraflokkur kvenna:	Grindavík
Unglingaflokkur karla:	Njarðvík
Unglingaflokkur kvenna:	Keflavík
Drengjaflokkur:	Haukar
Stúlknaflokkur:	Haukar
11. fl. karla:	KR
10. fl. karla:	KR
10. fl. kvenna:	Keflavík
9. fl. karla:	Haukar
9. fl. kvenna:	Grindavík

## Deildarmeistarar

Úrvalsdeild karla:	KR
Úrvalsdeild kvenna:	Snæfell
1. deild karla:	Höttur
1. deild kvenna:	Njarðvík
2. deild karla:	Ármann



## Skýrsla dómarnefndar KKÍ 2013-2015

Stjórn KKÍ skipaði eftirtalda einstaklinga í dómarnefnd KKÍ:

Rúnar Birgir Gíslason formaður, Rögnvaldur Hreiðarsson og Birgir Már Bragason. Birgir sagði sig úr nefndinni í september og kom þá Pétur Hrafn Sigurðsson aftur inn í nefndina.

Starfsemi dómarnefndar var með nokkuð hefðbundnum hætti.

Haldinn var veglegur haustfundur sem í september 2013 í samvinnu við KKDÍ. Fyrirlesarar voru Joey Crawford NBA dómari og Ungverjinn Zsolt Hartyani sem m.a. situr í tækninefnd FIBA Europe. Haustið 2014 voru þeir Einar Gylfi Jónsson sálfærðingur og Einar Árni Jóhannsson þjálfari fengnir til að tala á haustfundi. Auk

